


Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2023

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um tillögu til þingsályktunar varðandi leyfisskyldu og eftirlit með áfangaheimilum, 153. löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 703 – 546. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

tillögu til þingsályktunar um leyfisskyldu og eftirlit með áfangaheimilum

153. löggjafarþing 2022-2023

Þingskjal 703 – 546. mál

Rauði krossinn á Íslandi fagnar því að á ný sé lögð fram þingsályktunartillaga þess efnis að Alþingi álykti að fela félags- og vinnumarkaðsráðherra að undirbúa lagasetningu um leyfisskyldu og eftirlit með rekstri áfangaheimila, skilgreiningu þeirra og hlutverk.

Rauði krossinn á Íslandi vinnur eftir skaðaminnkandi nálgun í þjónustu við fólk sem notar vímuefni um æð og rekur m.a. Frú Ragnheiði sem er sérinnréttaður bíll sem veitir þjónustu á vettvangi á þremur stöðum á landinu. Um er að ræða náskiptaþjónustu, heilbrigðisþjónustu auk sálræns stuðnings og ráðgjöf. Rík áhersla er lögð á notendasamráð varðandi alla starfsemi skaðaminnkunaverkefnanna sem veitir góða innsýn í áskoranir hjá hópunum sem Rauði krossinn sinnir.

Rauði krossinn tekur undir öll þau atriði sem koma fram í þingsályktunartillögunni og vill árétta að í samskiptum okkar við þann hóp sem glímur við fíknivanda og heimilisleysi hefur Rauði krossinn orðið þess ítrekað áskynja að aðbúnaði í þeim úrræðum sem rekin eru undir nöfnum áfangaheimila er oft ábótavant. Mörg hafa lýst óöryggi, þrengslum í búsetu og skorti á hreinlæti auk þess að oft sé ekki aðgengi að faglegri þjónustu og viðeigandi stuðningi. Telja má mikilvægt að þjónustu fyrir viðkvæma hópa sé sniðinn skýr laga- og/eða reglurammi sem sé undir reglubundnu eftirliti svo notendur þjónustunnar geti gengið að öruggum samastað og þekki til þeirra réttinda sem þeir eigi að njóta. Markmiðin þurfa að vera skýr og sniðin að þörfum þeirra sem á þurfa að halda. Þannig er endurhæfingu og uppbyggingu best borgið. Þá má telja nauðsynlegt að til séu ferlar til að takast á við, ef um brotalöm á þjónustu við notendur er að ræða, svo hægt sé að tilkynna slíkt og það hafi farveg innan réttakerfisins og að við því sé brugðist.

Rauði krossinn vill koma því á framfæri að fulltrúar félagsins eru tilbúnir að hitta velferðarnefnd til þess að ræða framangreindar athugasemdir og svara spurningum sé þess óskað.